



Festa
miðstöð um
sjálfbærni

Ársskýrsla **Festu** 2023

Efnisyfirlit

3 UN Global Compact yfirlýsing

4 Ávarp formanns og framkvæmdastjóra

5 Aðildarfélag

6 Festa í hnotskurn

8 Helstu verkefni

Sjálfbærniupplýsingagjöf
Loftslagsverkefni
Liffræðileg fjölbreytni
Hringrásarhagkerfið
Útgefið efni
Hvatningarviðurkenningar
Miðlun
Áhrif Festu út fyrir kjarnastarf

22 Miðlun

Fréttabréf
Netmiðlar
Festa í fjölmiðlum
Sérblaðið Sjálfbærni í rekstri
Ný heimasíða og lén
Áhrif Festu út fyrir kjarnastarf

28 Viðburðir

Janúarráðstefnan
Nordic Circular Summit á Íslandi
Tengslafundur
Deiglufundir
Grænir styrkir
Aftenging hagvaxtar og umhverfisáhrifa með Daniel Montalvo

35 Kjölfestur

37 Stjórn og starfsfólk

39 Samstarfsaðilar

40 Ársreikningur

UN Global Compact yfirlýsing

Statement from the Managing Director and the Board

To our stakeholders and the Secretary General of the United Nations, Mr. Antonio Guterres



This annual report outlines the main activities of Festa – Center for Sustainability in the year 2023. This report is also a communication of engagement about our commitment to the United Nations Global Compact (UNGC) for the years 2022 and 2023. We hereby confirm our intention to work in accordance with the ten principles of the UNGC on social responsibility and present our alignment and support to these principles to our associated members, stakeholders and the

public.

Festa has a mandate to advance the SDGs in Iceland and around the world, help mainstream sustainability in public and private organizations, their economic models, value chain and operations. Festa facilitates the transformation to a circular, regenerative and low carbon economy. Festa's future vision is for Icelandic companies and organizations to be socially responsible agents of sustainability.

We hereby declare our ongoing support to the UNGC and the SDG's. Festa upholds transparency in all our actions, strategy and planning and this annual report reflects that.

Festa will share this information with the NGO's stakeholders and welcome any feedback on the content of this report.

Elva Rakeł Jónsdóttir, Managing Director

Board of Directors:

Ávarp framkvæmdastjóra og stjórnarformanns

Árið 2023 einkenndist af krafti, vexti og grósku í störfum Festu. Janúarráðstefnan festi sig í sessi sem stærsti sjálfbærni viðburður landsins þar sem fullt var út úr dyrum á Hilton og gestir tóku þátt í kröftugum umræðustofum um sjálfbæra nýsköpun, áhrif sjálfbærnilöggjafar á fyrirtæki og reglur um sjálfbærniupplýsingagjöf.

Þar með var tónninn settur því á árinu gaf Festa út afar gagnlegt yfirlitsskjal yfir algengustu staðla fyrir sjálfbærniupplýsingar, valfrjálsa eða lögbundna, sem nýtast fyrirtækjum sinni sjálfbærniupplýsingagjöf. Í kjölfarið gaf Festa út tímamótaskjalið Vegvísir um sjálfbærnilög og upplýsingagjöf sem var fyrsta samantektin af þessu tagi á íslensku. Markmiðið með Vegvísinum var að veita yfirsýn yfir nýmæli í löggjöf og aðferðarfræði um sjálfbæran rekstur og ábyrgar fjárfestingar.

Ekki var látið þar við sitja heldur var einnig gefinn út Vegvísir um líffræðilega fjölbreytni til að styðja íslenskt atvinnulíf í að taka fyrstu skrefin í þessum mikilvæga málaflökki. Vegvísirinn útskýrir hvað felst í hugtakinu líffræðileg fjölbreytni, hver staðan sé á Íslandi, hvaða staðlar, lög eða samningar eru til um málefnið og hvaða skref íslensk fyrirtæki geta tekið til að draga úr vistkerfisálagi sinnar starfsemi. Því til viðbótar stóð Festa fyrir fjölda viðburða til að efla aðildarfélögin í að takast á við ný verkefni og áskoranir tengd sjálfbærni eins og sjá má á vef félagsins og í ársskýrslunni.

Innan vettvangs Festu má glögglega sjá hve áhugi fyrirtækja og stjórnenda á sjálfbærni eykst ár frá ári og ein birtingarmynd þess er stofnun verkefnisins Loftslagsleiðtogar Festu. Þar koma saman níu forstjórar framsækinnna aðildarfélaga Festu sem öll eiga það sameiginlegt að setja sér vísindalega ákvörður markmið um samdrátt í losun frá sínum rekstri. Hópurinn ætlar sér að ganga fram með góðu fordæmi og vinna þannig með virkum hætti að markmiðum Parísarsamningsins um að halda hlýnum jarðar innan við 1,5 gráðu hlýnun frá iðnyltingu.

Upptaktur að þessu verkefni var ferð þáverandi forstjóra Marel, stjórnarformanns Festu og verðandi framkvæmdastjóra Festu til Grænlands á loftslagsvinnustofu.



Með í ferðinni voru stjórnendur ýmissa fyrirtækja og fjárfestingasjóða sem öll fengu loftslagsfræðslu og tóku þátt í lausnamiðum vinnulotum um loftslagsmál á einum af þeim stöðum í heiminum þar sem sjá má afleiðingar loftslagsbreytinga með eigin augum. Veganesti ferðarinnar hefur nýst og mun áfram nýtast í störfum félagsins.

Á haustmánuðum kvaddi Festa farsælan framkvæmdastjóra og sjálfbærni leiðtoga þegar Hrund Gunnsteinsdóttir fór til starfa á nýjum vettvangi. Hrund leiddi Festu áfram á miklu vaxtaskeiði og setti áhrifamikinn tón í sjálfbærni umræðu samfélagsins í heild. Með sinni framsýni og heildrænu nálgun studdi Hrund við þann mikla þroska sem orðið hefur í sjálfbærni vegferð aðildarfélaga undanfarin ár. Nýr framkvæmdastjóri, Elva Rakeł Jónsdóttir, tók við góðu búi og starfsemi félagsins heldur áfram að eflast.

Margt hefur þegar áunnist í sjálfbærni vegferð íslenskar fyrirtækja og samfélags. Á sama tíma stöndum við öll frammi fyrir miklum áskorunum sem mæta þarf af festu. Það er lykillinn í að virkja einnig vel þau tækifæri sem felast í vegferðinni. Festa leggur nú sem fyrr höfuðáherslu á að styðja aðildarfélögin á þeirri vegferð.

Við viljum þakka aðildarfélögum Festu, starfsfólki og starfsfólki og stjórn sem og fjölmörgum öðrum samstarfsaðilum kærlega fyrir öflugt og árangursríkt samstarf. Það er verðmætt veganesti fyrir verkefni komandi tíma.

Elva Rakeł Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Festu og Tómas N. Möller, formaður Festu

Aðildarfélag

Í lok árs 2023 voru aðildarfélag Festu 184 talsins.
Fimmtán félag bættust við á árinu.




Ábyrgar lausnir ehf.
Advania Ísland ehf.
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins
Alcoa Fjarðaál
Alda
Alma
Alta ehf
Alvotech
Arion
Arngrimsson Advisors Ltd
Aton.JL
Attentus
Auðkenni ehf.
Bakkinn Vöruhótel
BBA Fjeldco ehf
Berjaya Iceland hótel
Bláa lónið
Blái herinn
Blámi félagasamtök
Borealis Data Center
BravoEarth ehf.
Brim
Brú Lífeyrissjóður
Búseti
BYKO ehf
Capacent ehf
CCP hf.
Coca-Cola European Partners Ísland hf
Colas Ísland
Controlant
COWI (áður Mannvit)
CreditInfo Lánstraust
Dagar
Deloitte ehf.
Discover truenorth ehf
DTE
EFLA verkfræðistofa
Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands
Eik fasteignarfélag hf
Eimskip
Elkem
ELKO
Embla Medical
Ernst & Young ehf
Eskja hf

Eta Carina ehf
Eygló
Eyrir Invest hf
Eyrir Venture Management
Farfluglar ses
Feel Iceland
Félagsbústaðir ehf.
Festi
Fly Play hf
Frumtak Ventures
Gagarín
Garri
GEMMAQ
Geo Salmo
reenhouse hotel ehf.
Hagar hf.
Hampiðjan
Hannesarholt ses
Happdrætti Háskóla Íslands
Hárækt ehf/VAXA
Háskóli Íslands
Háskólinn á Bifröst
Háskólinn í Reykjavík
Heimstaden ehf.
Hornstein
HS Orka
Húsasmiðjan
Ice Fish ehf
Icelandair
Indó
Inkasso ehf
INNEN ehf
ISAVIA
Íslandsbanki
Íslandspóstur
Íslandsshótel
Íslandsstofa
Íslensk getspá
Íslenski lífeyrissjóðurinn
iTUB ehf.
Júní dígitál
Kerecis
Klappir grænar lausnir hf.
Kolibri ehf
Kontra ráðgjöf ehf
Kópavogsbær
KPMG
Krónan
Kvika banki hf.

Lagastoð
Lánasjóður Sveitarfélaga ohf
Landsbankinn
Landsnet
Landsvirkjun
Laufið
LEX Lögmansstofa
Lífeyrissjóður starfsmann ríkisins
Lífeyrissjóður verslunarmanna
Lífsvær lífeyrissjóður
LMB Mandat slf
Logos slf
Marel
Miklartorg/IKEA
Míla
Mjólkursamsalan
Múlalundur Vinnustofa SÍBS
N1 ehf
NASDAQ OMX Iceland
Netpartar ehf
Neyðarlínan ohf.
Nói Sírius hf
Norðurál
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins
Ölgerðin
Míla
Mjólkursamsalan
Múlalundur Vinnustofa SÍBS
N1 ehf
NASDAQ OMX Iceland
Netpartar ehf
Neyðarlínan ohf.
Nói Sírius hf
Norðurál
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins
Ölgerðin
ON - Orka náttúrunnar
On to Something
Orb
Orkan IS ehf.
Orkusalan
Orkuveita Reykjavíkur
Perla norðursins
Pfaff hf
Podium ehf.
pretty good consulting ehf
PricewaterhouseCooper ehf
Pure North Recycling
Rafal ehf
RARIK ohf.

RB - Reiknistofa bankanna
Reginn hf
Reitir fasteignafélag hf.
Reitun
Rekstrarvörur ehf
Resource International ehf.
Reykjagarður hf.
Reykjavíkurborg
Rio Tinto á Íslandi
Samgöngustofa
Samhentir
Samskip
Samtök atvinnulífsins
Samtök iðnaðarins
Seðlabanki Íslands
Sena
Seven Glaciers
Síminn
Sjóklæðagerðin/66° Norður
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.
Skeljungur IS ehf
Sólar ehf
Sölufélag garðyrkjumanna ehf.
SORPA bs
Staðlaráð Íslands
Svarmi ehf
Sveitafélagið Hornafjörður
Te & Kaffi
Terra umhverfisþjónusta hf (Gámaþjónustan)
Toyota á Íslandi
Traustur Kjarni
Truenorth Nordic ehf
Tryggingarfélagið Ösp
Tryggja ehf
Umhverfisstofnun
Utánríkisráðuneytið
Veitur
Veritas Capital hf
Verkis hf.
Vinnvinn ehf.
VIRK
VÍS
Vista verkfræðistofa



Festa í hnotskurn



Festa í hnotskurn

Festa teygir anga sína víða í störfum sínum og áherslu í starfseminni má skipta í þrjá flokka sjálfbærni: fólk, jörð og hagsæld.

Við beinum fræðslustarfi okkar og brúarsmið í tvo farvegi:

- i. Nýsköpun, sjálfbær viðskiptamódel, leiðtogafærni og hugarfarsbreyting
- ii. Samstillt aðlögun fyrirtækja og opinberra aðila að nýjum lögum, tæknibreytingum og kröfum um sjálfbærni í rekstri.



Helstu verkefnin

Sjálfbærniupplýsingagjöf

Loftslagsverkefni

Líffræðileg fjölbreytni

Hringrásarhagkerfið

Útgefið efni

Hvatningarviðurkenningar

Árið 2023 var stórt ár í heimi sjálfbærni

Árið litaðist af stórum breytingum í kröfum um sjálfbærniupplýsingagjöf, mikil gróska var í nýsköpun og enn fleiri fyrirtæki og einstaklingar stigu hugrökk skref í þágu sjálfbærni. Árið 2023 var jafnframt heitasta ár sögunnar, að minnsta kosti það heitasta síðustu 100 þúsund ár. Á árinu kom einnig út skýrsla sem sýndi að mannkynið hefur farið yfir sex af níu þolmörkum jarðar.

Sjálfbærni- upplýsingagjöf

Sjálfbærniupplýsingagjöf og sjálfbærni-reglugerðir hafa þann tilgang að auka gagnsæi og ábyrgð fyrirtækja. Farsæl sjálfbærniupplýsingagjöf og markvissar sjálfbærniáðgerðir hafa margvíslegan ávinning í för með sér, til að mynda aukið traust til hagaðila, betri ásýnd, faglegri áhættustýringu, meiri seiglu, aukið aðgengi að fjármagni, eykur samkeppnisforskot og laðar að sér hæfara starfsfólk.

Janúarráðstefnan, sem er stærsti viðburður Festu á árinu og jafnframt stærsti árlegi sjálfbærni viðburður á Íslandi, kjarnaði þema ársins þar sem í brennidepli voru meðal annars breyttar kröfur um sjálfbærniupplýsingagjöf. Á ráðstefnunni var gefinn úr veigamikill vegvísir um sjálfbærni-reglugerðir og um sjálfbærniupplýsingagjöf. Umsjón með þeim sáu Tómas N. Möller, formaður Festu og Aðalheiður Snæbjarnardóttir, varaformaður Festu

Í maí hélt Festa Deiglufund um sjálfbærniupplýsingagjöf og í október um áskoranir og reynslusögur í sjálfbærniupplýsingagjöf.



Loftslagsmál

Nýtt loftslagsverkefni

Loftslagsmál voru viðamikill hluti af starfi Festu á árinu, líkt og síðustu ár.

Á árinu var lagður grunnur af nýju verkefni á sviði loftslagsmála, en Festa leiðir í verkefninu saman æðstu stjórnendur íslenskra fyrirtækja sem hafa sett sér vísindaleg markmið um losun gróðurhúsloftegunda á vettvangi Science Based Target initiative.

Forstjórar þessara fyrirtækja bera ábyrgð á árangri verkefnisins og eru andlit þess út á við. Verkefnið skapar þannig vettvang fyrir leiðtoga viðskiptalífsins sem vilja taka sér forystuhlutverk í loftslagsaðgerðum íslensks viðskiptalífs. Í september 2023 skrifuðu níu forstjórar eða staðgenglar þeirra undir stefnuyfirlýsingu verkefnisins. Verkefnið ber heitið Loftslagsleiðtogar Festu.



Á myndinni, ásamt Festu, eru forstjórnarnir eða staðgenglar þeirra í þessari röð:

- Elva Raketel Jónsdóttir, verðandi framkvæmdastjóri Festu,
- Tómas N. Möller, formaður Festu,
- Hrund Gunnsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Festu,
- Hólmfríður Sigurðardóttir, f.h. Sævars Freyrs Þráinssonar, forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur,
- Margrét Lára Friðriksdóttir, f.h. Sveinn Sölvason, forstjóra Össur,
- Ægir Þórisson, forstjóri Advania,
- Ella Björnsdóttir, f.h. Gísla Herjólfssonar, forstjóra Controlant,
- Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar,
- Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marel,
- Jón Guðni Ómarsson, bankastjóri Íslandsbanka,
- Þorsteinn Guðjónsson, forstjóri Deloitte og
- Lilja B. Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans.



Ferð til Grænlands

Í byrjun hausts fór frítt föruneysi frá Íslandi í vettvangsferð til Grænlands. Þetta voru þau Tómas N. Möller, formaður Festu, Elva Rakei Jónsdóttir (þá tilvonandi) framkvæmdastjóri Festu, Árni Oddur Þórðarson, þáverandi forstjóri Marel og Krístrún Viðarsdóttir, framkvæmdastjóri IS Haf fjárfestinga. Hópurinn frá Íslandi var í slagtogi við hóp leiðtoga víða að úr heiminum, til þess að fræðast um afleiðingar loftslagsbreytinga á norðurslóðir, sem hlýnar tvöfalt hraðar en restin af heiminum.

Ferðin var hluti af þróun á verkefninu Loftslagsleiðtogar Festu og nýtist sem innspýting í öll verkefni Festu.

„Í einstakri náttúru Grænlands upplifum við áhrif loftslagsbreytinga á eigin skinni; við heyrum frásagnir innfæddra af breyttu landslagi, við sjáum jöklana brotna og við heyrum drunurnar í ísnum. Öll skilningarvitin segja okkur sömu sögu. Við erum hér stödd ásamt fólki með fjölbreyttan bakgrunn innan stórfyrirtækja, fjárfestingarsjóða og góðgerðarstarfsemi. Það sem þau eiga öll sameiginlegt er einlægur vilji til að deila þekkingu og reynslu sem getur miðað okkur áfram í baráttunni gegn loftslagsbreytingum.“

Elva Rakel Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Festu



Loftslagsmælin Festu


Loftslagsmælin Festu hélt áfram að vera nýttur af litlum og meðalstórum fyrirtækjum, en hann er ætlaður til að mæla kolefnisspor reksturs.

Uppfærslu á mælinum er að vænta á árinu 2024.

Loftslagsráð Íslands

Festa á fulltrúa í Loftslagsráði Íslands, sem er sjálfstætt starfandi ráð sem hefur það meginhlutverk að veita stjórnvöldum aðhald með faglegri ráðgjöf um loftslagsmál, hafa yfirsýn yfir fræðslu og miðlun upplýsinga um loftslagsmál til almennings.

Aðalheiður Snæbjarnardóttir varaformaður Festu er fulltrúi félagsins og Elva Rakef Jónsdóttir framkvæmdastjóri varafulltrúi.



Líffræðileg fjölbreytni

Verndun lífríkisins er ein brýnasta áskorun sem mannkynið stendur frammi fyrir og því er áhersla á verndun líffræðilegrar fjölbreytni að aukast og þar er atvinnulífið ekki undanskilið. Á vettvangi Festu voru kallaðir saman nokkrir helstu sérfræðingar um líffræðilega fjölbreytni þar sem bæði fræðileg atriði um málefnið og hlutverk atvinnulífsins voru tekin saman. Sérfræðingar úr atvinnulífinu og fræðasamfélaginu tóku þátt í vinnunni.

Í október var svo gefinn út vegvisir um líffræðilega fjölbreytni, en tilgangur hans er að taka saman stutt yfirlit um líffræðilega fjölbreytni til þess að styðja íslenskt atvinnulíf í því að takast á við þetta mikilvæga verkefni. Rakel Eva Sævarsdóttir, stjórnarmeðlimur Festu stýrði verkefninu og Ísabella Ósk Másdóttir, samskiptastjóri Festu sá um ritstjórn vegvísisins.

Líffræðileg fjölbreytni var einnig þema eins Deiglufundar aðildarféлага Festu á árinu, þar sem vegvísirinn var jafnframt gefinn út.



Hringrásarhagkerfið

Hringrásarhagkerfið er lausn á mörgum umhverfis- og efnahagsvandamálum sem heimurinn stendur frammi fyrir í dag og við munum ekki ná loftslagsmarkmiðum okkar nema færast yfir í hringrásarhagkerfi. Festa setti hringrásarhagkerfið á dagskrá í upphafi árs 2019 og hélt á árinu áfram að vinna markvisst að stuðningi við innleiðingu þess í íslenskt samfélag með fræðslu og samstarfi heima og erlendis.

Nordic Circular Hotspot

Festa er einn af stofnendum samtakanna Nordic Circular Hotspot (NCH). Samtökin voru stofnuð árið 2018 af hópi lykilaðila á sviði hringrásarhagkerfisins á Norðurlöndunum í samstarfi við Nordic Innovation. Markmið samtakanna er að flýta fyrir umskiptum úr línulegu hagkerfi yfir í hringrásarhagkerfi á Norðurlöndunum. Í lok árs steig Festa til hliðar sem hluti af stjórnendateymi NCH, en mun áfram styðja við starf samtakanna og tengja aðildarfélög Festu við vettvang hringrásar á Norðurlöndunum.

Stærsta ráðstefna samtakanna, Nordic Circular Summit, var haldin í Reykjavík á árinu. Ráðstefnan er sú stærsta á sviði hringrásar á Norðurlöndunum. Nánar er fjallað um ráðstefnuna í viðburðarkafla þessarar skýrslu.




Útgefið efni

Á vettvangi Festu fór fram ýmis vinna með sérfræðingum innan og utan aðildarfélaga Festu og fólki úr fræðasamfélaginu. Hér er listi yfir útgefið efni sem Festa gaf út eða endurbætti árið 2023.



Vegvísir um líffræðilega fjölbreytni

[Lesu](#)



Vegvísir um Lög og reglur Evrópusambandsins um sjálfbærni

[Lesu](#)



Leiðarvísir á heimasíðu

[Lesu](#)



Leiðbeiningar fyrir sjálfbærniupplýsingagjöf

[Lesu](#)



Könnun meðal stjórnenda

[Lesu](#)

Hvatningar- viðurkenningar

Framúrskarandi sjálfbærni -
Össur

Össur hf. hlaut hvatningarverðlaun fyrir Framúrskarandi sjálfbærni árið 2023, en Creditinfo og Festa standa að baki verðlaunanna. Verðlaunin eru veitt samhliða birtingu lista yfir Framúrskarandi fyrirtæki 2023.

Í dómnefnd sátu Erla Tryggvadóttir samskiptastjóri VÍS, Þórólfur Nielsen, forstöðumaður stefnumótunar og sjálfbærni hjá Landsvirkjun, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir forseti samfélagssviðs hjá Háskólanum í Reykjavík og Finnur Ricart Andrason, forseti Ungra umhverfissinna. Þórólfur og Bryndís sitja einnig í stjórn Festu.

Í umsögn dómnefndar kemur fram að Össur, sem hefur verið aðildarfélag Festu síðan 2014, hafi um árabil látið sig sjálfbærni varða og er í fararbroddi, hvort sem litið er til umhverfismála, samfélagsmála eða stjórnarháttanna.



Sjálfbærnisráðgjafi ársins - Marel

Festa, Stjórnvísir og Viðskiptaráð Íslands veittu viðurkenningu fyrir sjálfbærnisráðgjafi ársins og var það hátækni fyrirtækið Marel sem hlaut viðurkenninguna. Þetta er í sjötta sinn sem viðurkenningin er veitt og voru 35 skýrslur tilnefndar. Yfirlit yfir tilnefningarnar í ár má nálgast [hér](#).

Í rökstuðningi dómnefndar kemur fram að í skýrslunni hafi verið birtar upplýsingar sem ganga lengra en að uppfylla aðeins regluverk.

Í dómnefnd sátu Reynir Smári Atlason, forstöðumaður sjálfbærni hjá Creditinfo, Jóhanna Hlín Auðunsdóttir, forstöðumaður loftslags og umhverfis hjá Landsvirkjun og Stefán Kári Sveinbjörnsson, verkefnastjóri í stefnumótun og sjálfbærni hjá Isavia.

Þeim til stuðnings var skipað fagráð sem lagði mat á allar skýrslunar. Það var skipað þremur nemendum við Háskólann í Reykjavík, þeim Heiðrúnu Örnú Ottesen Þóroddsdóttur, Kára Jóni Hannessyni og Jóhönnu Sól Erlendsdóttur. Þau hafa öll lokið námskeiði sem snýr að sjálfbærniupplýsingagjöf sem kennt er af Bjarna Herrera og sá hann um tilnefningar í fagráðið.



Netmiðlar

Festa vaktar umfjöllun um sjálfbærni, störf og greinar aðildarféлага og leggur sig fram við að deila slíkum upplýsingum til aðildarféлага og almennings á samfélagsmiðlum.

Innlent | mbl | 14.8.2023 | 16:16

Keflavíkurflugvöllur kolefnishlutlaus fyrir 2030

Fordómalaus vinnustaður sé eftirsóttur vinnustaður

Loftslagsréttur skyldufag í lagadeild

Innlent | Morgunblaðið | 17.7.2023 | 9:00 | Uppfært 11:27

Verkís stýrir undirbúningi að jarðvarmaverkefni í Úkraínu

EIMSKIP FJÖLGAR RAFMAGNSVÖRUBÍLUM

Orkuveita Reykjavíkur hlýtur staðfestingu á loftslagsmarkmiðum

Losunarmarkmið Advania á Íslandi hljóta samþykki SBTi

Sementsverksmiðjan hlýtur umhverfisvottun ISO 14001

Pósturinn á grænni grein

Útblástur sjóflutninga Samskipa hefur minnkað um 35% á fimm árum

„Með notkun lífelsesneytis hafa Samskip forðað útblæstri meira en ígildis 50.000 tonna af CO2.“

Hringrásarhagkerfið: Fyrirtæki sem ekki eru sjálfbær verði einfaldlega ekki með starfsleyfi

N1 eykur aðgengi að vetni á Íslandi

Festa í fjölmiðlum


Fjöldi viðburða og verkefna Festu rötuðu í fjölmiðla á árinu auk þess sem fjöldi greina eftir starfsfólk og stjórnarmenn félagsins voru birtar í ólíkum fjölmiðlum. Fjallað var um störf Festu í 37 fréttum skv. greiningu fjölmiðlavaktar Creditinfo.



Viðskiptablaðið
NIB lánað 380 milljarða til innlendra aðila
Norraeni fjárfestingarbankinn (NIB) hefur lánað samtals 380 milljarða króna til íslenskra aðila...



Við erum brúarsmiður og leiðarljós
Festa - miðstöð um sjálfbærni eru frjáls félagasamtök með það markmið...



Litum inn á við til að ná árangri
Í vikunni blæs Festa - miðstöð um sjálfbærni til tíundu Janúarráðstefnu félagsins, og yfirskr...



Undir mannkyninu sjálfu komið hvernig unnið er úr hlýnun jar
Á fimmtudag fer fram janúarráðstefna Festu - miðstöðvar um sjálfbærni...



Ofneysla: „Ég vissi hvað var í tísku þegar að ég kom til Íslands“ - Visir
„Ég vissi hvað var í tísku þegar að ég kom í heimsókn til Íslands. Ef það var einhver flík í tisk...




Finnur samhljóm og margfeldisáhrif
Harpa Júlíusdóttir heldur utan um verkefnastjórn hjá Festu - miðstöð um sjálfbærni. Stór hl...




Sjálfbært land en ósjálfbær þjóð - Visir
Fréttir af takmörkuðum árangri sjálfbærniubóta á alþjóðavísu líkt og á umhverfispínginu, C...

Vantar ekki fleiri styrki eða meiri peninga heldur einfalda hvata

Rakel Sveinsdóttir skrifar 25. janúar 2023 07:01



Bítið - Ætlar að eyða eyðimörkinni
Þríórik R. Jónsson, frumkvöðull.



Sjálfbærnisýrslan 2023: Fyrirtækin farin að rýna betur í sína eigin starfsemi - Visir

Nýtni ömmu: „Gömlum jakkafötum v snúð á rönguna og saumuð ný“

Rakel Sveinsdóttir skrifar 29. nóvember 2023 07:01



Sérblaðið Sjálfbærni í rekstri


Sjálfbærni í rekstri kom út með Fréttablaðinu í mars 2023. Í blaðinu má finna fjölda viðtala við einstaklega öflugt fólk úr samfélagi Festu þar sem þau segja frá áhugaverðum og fjölbreyttum sjálfbærniáherslum þeirra fyrirtækja og stofnana. Einnig eru þar viðtöl við umhverfisráðherra og starfsfólk Festu.

[Lesið](#)



Ný heimasíða og lén

Vefur Festu fékk uppfærslu í apríl 2023 og nýtt lén, úr samfelagsabyrgd.is í sjalfbaer.is. Markmið uppfærslunar var að bæta aðgengi enn frekar að upplýsingum um störf félagsins og bæta þannig þjónustu við aðildarfélög og almenning.



Áhrif Festu út fyrir kjarnastarf

Fólk á vegum Festu talaði á og tók þátt í fjölbreyttum viðburðum á árunu.

Erindi á landsfundi Ungra umhverfissinna um loftslagsmál, 9. janúar

- Harpa Júlíusdóttir, verkefnastjóri

Erindi á fundi Sjálfbærs Íslands á vettvangi forsætisráðuneytisins

- Hrund Gunnsteinsdóttir, framkvæmdastjóri og Tómas N. Möller, formaður

Eindi á Loftslagsdegi Umhverfistofnunar, 28. maí

- Tómas N. Möller, formaður Festu

Kennsla í Háskóla Reykjavíkur - stefnumótun

- Hrund Gunnsteinsdóttir, framkvæmdastjóri

Umræðustjórn í pallborðsumræðum á ársfundi

Orkuklasans, 17. maí

- Hrund Gunnsteinsdóttir, framkvæmdastjóri

Þátttaka í pallborði við kynningu á fjórðu samantektarskýrslu vísindanefndar, 18. október

- Elva Raket Jónsdóttir, framkvæmdastjóri

„Er þetta þess virði?“ – sjálfbærnilöggjöf – áskoranir og reynslusögur. Viðburður með Stjórnvísí, 31. október

- Tómas N. Möller formaður, opnaði fundinn og Elva Raket Jónsdóttir framkvæmdastjóri, fundarstýrði

Fundarstjórn á viðburðinum „Arctic Challenges: The Importance of Trans Arctic Collaboration“, í tengslum við Hringborð Norðurslóða, 20. september

- Elva Raket Jónsdóttir, framkvæmdastjóri

Umræður á viðburði á Hringborði Norðurslóða með Nordic Circular Summit

- Elva Raket Jónsdóttir, framkvæmdastjóri

Erindi á Sjávarútvegsráðstefnunni 10. nóvember

- Elva Raket Jónsdóttir, framkvæmdastjóri

Erindi á Alþjóðlegri klasaráðstefnu í Reykjavík 8. nóvember

- Elva Raket Jónsdóttir, framkvæmdastjóri

Þátttaka í pallborði á Hátíð sjálfbærni í Háskóla Íslands, 6. desember

- Elva Raket Jónsdóttir, framkvæmdastjóri

Þátttaka í pallborði á lokadegi Snjallræðis 2023, 15. desember

- Elva Raket Jónsdóttir, framkvæmdastjóri

Viðburðir

Janúarráðstefnan

Nordic Circular Summit á Íslandi

Tengslafundir

Deiglufundir

Grænir styrkir

Aftenging hagvaxtar og umhverfisáhrifa með
Daniel Montalvo



Janúarráðstefnan

26. janúar | Hilton Nordica

Tíunda Janúarráðstefnu Festu var haldin á árinu. Á ráðstefnunni, sem er stærsti árlegi sjálfbærniþingur á Íslandi, kynntumst við því helsta sem er í brennidepli í heimi sjálfbærni varðandi nýsköpun og lagabreytingar.

Aðalfyrirlesari Janúarráðstefnunnar var Friðrik R. Jónsson, stofnandi Carbon Recycling International. Hann þróa umhverfisvænar umbúðir í samstarfi við drykkjarvörurisa og undirbýr lausnir til að græða upp eyðimerkur.

Aðrir fyrirlesarar voru Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, nýsköpunarráðherra, Dóra Jóhannsdóttir leikkona, Tinna Hallgrímsdóttir, þáverandi forseti Ungra umhverfissinna og Gunnar Sveinn Magnússon, sjálfbærnileiðtogi hjá Deloitte á Íslandi, sem einnig kynnti nýja skýrslu sem Festa gerði í samvinnu við Deloitte um stjórnenda aðildarfélagu Festu.

Þá voru þrennar vinnustofur haldnar, þær sneru að lagabreytingum sem snúa að sjálfbærni, auknar kröfur um sjálfbærniupplýsingagjöf til fyrirtækja af öllum stærðum og nýsköpun í hringrás. Markmiðið var að undirbúa íslenskt atvinnulíf fyrir þær áskoranir og tækifæri sem liggja fyrir. Á ráðstefnunni var einnig gefinn úr veigamikill vegvisir um sjálfbærnilög- og reglur.





Nordic Circular Summit á Íslandi

17. og 18. nóvember | Gróska

Stærsta ráðstefna norrænu samtakanna Nordic Circular Hotspot (NCH), Nordic Circular Summit, var haldin í Reykjavík og í gegnum streymi á árinu. Festa sá um skipulag ráðstefnunnar ásamt samstarfsfélögum í NCH á Norðurlöndunum. Ráðstefnan er sú stærsta á sviði hringrásar á Norðurlöndunum og var nú haldin í fjórða sinn. Gestir komu víða að úr heiminum og fullt var á ráðstefnuna.



Þema ráðstefnunnar var mannlegi þátturinn og hringrásarhagkerfið þar sem reynt var að svara spurningunni um hvernig við nýtum umskiptin yfir í hringrás til þess að auka jafnrétti og til að byggja upp framtíðarhæf samfélög og atvinnugreinar. Á dagskrá voru erindi og umræður um náttúru og líffræðilega fjölbreytni, hringrásar samfélög, efnisflæði og virðiskeðjur, auðgandi viðskiptamódel, viðskipti og fjármál, orku og auðlindir, mannvirkjagerð, hringrásar aðgerðaráætlanir og margt fleira.



Meðal fyrirlesara voru Ólafur Ragnar Grímsson, stofnandi Hringborðs Norðurslóða Kari Helveri, leiðtogi Sitra, André Kúusvek, bankastjóri Norræna fjárfestingarbankans, Hrund Gunnsteinsdóttir, sjálfbærnileiðtogi og Dagur B. Eggertsson, þáverandi borgarstjóri.

Tengslafundir

Sex Tengslafundir voru haldnir árið 2023. Þau aðildarfélög sem buðu í heimsókn voru Íslandsbanki, Festi, Seðlabankinn, Klappir, Bláa Lónið og Umhverfisstofnun. Alls mættu 268 á fundina.

 **FESTI BLUE LAGOON**
ICELAND


UMHVERFIS
STOFNUN



SEÐLABANKINN
ISLANDS

 **Klappir**
The smart way to sustainability



Tengslafundir Festu eru einungis opnir fyrir aðildarfélög. Þau bjóða heim, kynna áherslur sínar og eiga opið samtál við önnur aðildarfélög um áskoranir, leiðir og tækifæri sem felast í sjálfbærum rekstri. Innan aðildarfélaganna má finna fremstu sérfræðinga landsins í sjálfbærni.





Deiglufundir

Sex rafrænir Deiglufundir voru haldnir árið 2023 og alls tóku þar þátt 384 manns. Þemu fundanna var eftirfarandi:

- Upphitun fyrir Janúarráðstefnu Festu
- Yfir í lágkolefnishagkerfi
- Fjölbreyttur og öflugur mannauður
- Sjálfbærniupplýsingagjöf
- Líffræðileg fjölbreytni
- „Er þetta þess virði?“ – sjálfbærnilöggjöf – áskoranir og reynslusögur í samstarfi við Stjórnvísí



Deiglufundir taka á málum í deiglunni. Þeir eru rafrænir fræðslufundir sem eru aðeins opnir fyrir aðildarfélag Festu og taka aðildarfélag þátt í að móta efni fundanna.

Grænir styrkir

23. mars | Grand hótél

Viðburðurinn Grænir styrkir voru haldnir í mars af Grænvangi, RANNÍS, Festu, Orkustofnun og Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu. Á viðburðinum voru styrkir á sviði umhverfis-, loftslags- og orkumála kynntir auk þess gestum gafst tækifæri á að taka þátt í styrkjamóti og ræða við sérfræðinga á tveggja manna örfundnum. Um 120 mættu og yfir 100 fundir, á svokölluðu styrkjamóti, voru bókaðir. Ljóst er að þessi dagur skilaði grænum tengingum þvers og kruss. „Því hugmyndir sem breyta heiminum eru bæði praktískar og gerlegar og það skortir ekki fjármagnið.“ Harpa Júlíusdóttir, verkefnastjóri Festu.





Aftenging hagvaxtar og umhverfisáhrifa með Daniel Montalvo

5. maí | Hilton Nordica

Í maí buðu Festa og Umhverfisstofnun á viðburð með Daniel Montalvo, stjórnanda sjálfbærrar auðlindanýtingar og iðnaðar hjá Umhverfisstofnun Evrópu. Þar fór hann yfir hvernig virkja má aftengingu hagvaxtar frá umhverfisáhrifum og losun gróðurhúsalofttegunda. Daniel var einn af aðalfyrirlesurum á árlegum Loftslagsdegi Umhverfisstofnunar sem fór einnig fram í maí.

Kjölfestur

Á árinu gafst aðildarfélögum kostur á að gerast Kjölfestur í Festu og var þetta annað árið sem slík aðild var í boði. Kjölfestur Festu styðja sérstaklega við störf Festu á áratugi aðgerða 2020-2030. Kjölfestuaðild felur í sér einnar milljón krónu framlag, til viðbótar við almennt árgjald.

Kjölfestur Festu árið 2023 eru Arion banki, Deloitte, Ölgerðin, KPMG, Landsbankinn og Landsvirkjun.



Árlegur hittingur Kjölfesta

Á hverju ári eiga forstjórar og tengiliðir Kjölfesta Festu fund ásamt stjórn og starfsfólki Festu. Fundurinn var haldinn í galleríi sem er hluti af Höfuðstöðinni (gömlu kartöflugeymslunum við Rafstöðvarveg) og er rými sem er táknrænt fyrir hlutverk og markmið Festu. Þetta er rými sem hefur oftast en einu sinni fengið nýjan tilgang frá tímum seinni heimsstyrjaldarinnar - það er hrátt, fagurt, óklárað og felur í sér ótal tækifæri fyrir bjartari framtíð, rétt eins og sjálfbærnivægferðin.

„Við viljum vera fyrirmynd annarra fyrirtækja hvað varðar sjálfbærni. Við trúum því að með því að vinna markvisst að sjálfbærni höldum við hæfasta starfsfólkinu og löðum til okkar bestu umsækjendurna. Þannig aukum við samkeppnisforskot okkar, minnkum áhættu í rekstri og erum eftirsóknarverðari fjárfestingarkostur.“ Andri Þór Guðmundsson forstjóri Ölgerðarinnar.



Stjórn og starfsfólk

Stjórn

Aðalfundur Festu var haldinn 10. maí 2023 og eftirfarandi fulltrúar aðildarfélaga voru kosin í stjórn fyrir árið 2023-2024:

- Tómas N. Möller, Lífeyrissjóður Verzlunarmanna, 2023-2025. Formaður stjórnar
- Arnar Másson, Marel, 2023-2025
- Aðalheiður Snæbjarnardóttir, Landsbankinn, 2022 - 2024
- Málfríður Guðný Kolbeinsdóttir, Ölgerðin, 2023-2024
- Rakel Eva Sævarsdóttir, Aspiration, 2022-2024
- Kolbeinn Hilmarsson, Svarmi 2023-2025
- Þórólfur Nielsen, Landsvirkjun, 2023-2025
- Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, *Háskólinn í Reykjavík, 2023-2025

Þórólfur, Málfríður og Kolbeinn koma ný inn í stjórn. Í upphafi árs skipaði Háskólinn í Reykjavík nýjan fulltrúa í stjórn, Bryndísi Björk Ásgeirsdóttur, *en samkvæmt samþykktum félagsins á háskólinn sæti í stjórn þar sem Festa hefur aðsetur í húsnæði skólans. Úr stjórn stíga Jón Geir Pétursson frá HÍ, Ægir Þórisson frá Advania og Birta Kristín Helgadóttir frá Íslandsstofu. Festa þakkar þeim fyrir vel unnin störf.



Elva Rakel Jónsdóttir ráðin framkvæmdastjóri Festu

Elva Rakel Jónsdóttir hóf störf sem nýr framkvæmdastjóri Festu í byrjun október. Elva hefur viðamikla reynslu af verkefnum sem styrkja stoðir sjálfbærni og hafði um árabíl leitt Umhverfisstofnun á sviði loftslagsmála og hringrásarsamfélagsins. Elva hefur átt farsælt samstarf við atvinnulífið sem framkvæmdastjóri umhverfismerkisins Svansins og hefur stutt fyrirtæki við að sýna fram á umhverfislegan árangur. Í störfum sínum hefur hún lagt mikla áherslu á að miðla aðgerðarmiðuðum lausnum bæði til atvinnulífs og stjórnvalda.

Stjórn og starfsfólk Festu þakkar Hrund Gunnsteinsdóttur fráfarandi framkvæmdastjóri Festu fyrir ómetanlega vinnu undanfarin fimm ár, en í starfi sínu sem framkvæmdastjóri setti hún sjálfbærni kröftuglega á dagskrá í íslensku samfélagi.

Ásamt Elvu Rakel Jónsdóttur framkvæmdastjóra starfa á skrifstofu Festu Harpa Júlíusdóttir verkefnastjóri og Ísabella Ósk Másdóttir, samskiptastjóri.

Aðsetur

Festa hefur aðsetur í Háskólanum í Reykjavík og hefur haft þar skrifstofu frá stofnun félagsins. Festa kann Háskólanum í Reykjavík allra bestu þakkir fyrir að hýsa skrifstofur Festu og veita félaginu bæði aðstöðu og tækniaðstoð endurgjaldslaust.



Helstu samstarfsaðilar



Grænvangur



Ársreikningur

[Skoða](#)



Festa

miðstöð um
sjálfbærni

Ritstjórn: Ísabella Ósk Másdóttir
Ábyrgð: Tómas N. Möller

Ljósmyndarar: Valgarður Gíslason,
Ernir Eyjólfsson